

Viðauki við samkomulag

fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs

annars vegar

og

Þroskaþjálfafélags Íslands

hins vegar

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

undirrituðu 28. maí 2014

Bókun 1

Verkefna- og vinnutímaskipulag þroskaþjálfa við sérnáms-/starfsbrautir framhaldsskóla, er með sama eða svipuðum hætti og hjá kennurum sem starfa við þessar námsbrautir. Aðilar munu því fylgjast með gerð nýs vinnumats framhaldsskólakennara, samanber kjarasamning framhaldsskólakennara, eftir því sem vinnumatinu vindur fram.

Jafnframt eru aðilar ásáttir um að bókun 1 með kjarasamningi aðila frá 6. júní 2011 haldi gildi sínu, en hún er svohljóðandi:

Aðilar vita að starf þroskaþjálfa innan framhaldsskólanna verður að vera aðlagð að starfi skólans og starfstíma. Almennur starfstími þroskaþjálfa samkvæmt kjarasamningi er ekki miðaður við þann starfstíma. Samningsaðilar eru sammála um að beina því til framhaldsskólanna að þeir geri samkomulag um vinnutíma, á grundvelli greina 2.1.1 og 2.1.2 í kjarasamningi félagsins, um störf þroskaþjálfa í skólum sínum. Í því verði leitast við að tryggja að störf þroskaþjálfa falli að starfsemi framhaldsskóla og að skapa svigrúm til að sinna störfum þ. á m. endur- og símenntun, sem falla utan kennslustunda.

Reykjavík, 28. maí 2011

f.h. fjármálaráðherra með
fyrirvara um samþykki

Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)

f.h. Þroskaþjálfafélags Íslands
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna

Laufey E. Gissurardóttir (sign.)